



Barnaheill

Fundargerð Stjórnarfundur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tími : 10. október 2022 kl. 17:00

Fundur nr : 5

Staður : Fákafen 9 og á TEAMS

Mætt: Harpa Rut Hilmarsdóttir sem stýrði fundi, Bjarni Torfi Álfþórsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Jóhanna V. Guðmundsdóttir og Pétur Óli Gíslason.

Boðuð forföll: Sólveig Rós Másdóttir, Raket Norðfjörð, Brynja Dan Gunnarsdóttir og Funi Sigurðsson.

Ekki mætt:

Teams: Bergrún Íris Sævarsdóttir.

Starfsfólk Barnaheilla sem tók þátt í fundinum: Ellen Calmon framkvæmdastýra, Linda Hrönn Þórisdóttir leiðtogi innlendra verkefna undir 4. lið og Kolbrún Pálsdóttir verkefnastjóri kynningarmála og fjáröflunar undir 2. lið.

Dagskrá:

1. Ný framkvæmdastýra kynnir sig.
2. Gestir: Kolbrún Pálsdóttir segir frá ferð starfsfólks Barnaheilla til Ítalíu og Jórdaníu.
3. Viðurkenning Barnaheilla 2022 – viðurkenningarhafi valinn úr tilnefningum
4. Starfsreglur og sjálfsmat stjórnar.
5. Hópur um verðlaunagrip viðurkenningar 2023+ segir frá.

1. Ný framkvæmdastýra kynnir sig

Harpa kynnir, Ellen Calmon, nýja framkvæmdastýru Barnaheilla. Ellen var ráðin eftir ítarlegt umsóknarferli í umsjón ráðningarskrifstofu Intellecta.

Ellen kynnti sig og sagði m.a. frá þeim áherslum sem hún leggur til að fylgja í fjáröflunarverkefnum samtakanna.

2. Kolbrún Pálsdóttir segir frá ferð starfsfólks Barnaheilla til Ítalíu og Jórdaníu

Kolbrún sagði frá ferð starfsfólks Barnaheilla til Ítalíu og Jórdaníu, sem farin var fyrir í þessum mánuði.

Kolbrún fór vel yfir skipulag starfsins á Ítalíu og hvernig samtökin reyna að ná til sem flestra barna og fjölskyldna sem eiga í vanda.

Starfsemin í Jórdaníu er aðeins með öðru sniði er þar er t.a.m. ekki nein innanlands fjáröflun og því mikið treyst á stuðning frá öðrum skrifstofum Save the Children

3. Viðurkenning Barnaheilla 2022 – viðurkenningarhafi valinn úr tilnefningum sem hafa borist.

Fjöldi tilnefninga bárust ekki gafst tími til ákvörðunar og ákveðið var niðurstaða yrði fengin í tölvupóstsamskiptum á milli funda.

Liðum 4. og 5. frestað til næsta fundar

4. **Starfsreglur og sjálfsmat stjórnar.**
5. **Hópur um verðlaunagrip viðurkenningar 2023+ segir frá**

Fundi slitið kl. 18.49

Bjarni Torfi ritaði fundargerð

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða